



Reykjavík, 9. nóvember 2021

R21010206

Efni: Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2021 - 2023

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fagnar því heilt yfir að Reykjavík sé komin á þann stað að vera með umfangsmikla áætlun til að vinna gegn þeirri umsvifamiklu vá sem ofbeldi er í íslensku samfélagi.

Í áætluninni er farið yfir þær aðgerðir sem Reykjavíkurborg hefur og mun leggja áherslu á næstu tvö árin. Það er af nógu að taka enda benda allar helstu niðurstöður rannsókna til þess að ofbeldi sé gríðarlega algengt á Íslandi. Í rannsókn Embættis landlæknis *Heilsa og líðan Íslendinga* sem gerð var 2017 kemur fram að 36,8% fólks á Íslandi hefur orðið fyrir ofbeldi á lífsleiðinni, 37% karla og 41,1% kvenna.

Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar *Áfallasaga kvenna*, sem nú er unnin í Háskóla Íslands, voru birtar í nóvember 2018. Þar kemur fram að fjórðungur kvenna hefur orðið fyrir nauðgun eða nauðgunartilraun á lífsleiðinni og sama hlutfall kvenna hefur einnig verið beitt líkamlegu ofbeldi.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð gerir athugasemdir við eftirfarandi þætti áætlunarinnar:

Aðgerðaáætlunin byggir á fjölmörgum stefnum og alþjóðlegum samningum en ætti einnig að byggja á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem vernd barna er tiltekin og mikilvægt er að hlusta á börn sbr. 12. grein Barnasáttmálans í þessum málaflokki. Barnasáttmálans er hvergi getið í áætluninni. Þá er Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks heldur ekki getið í áætluninni.

Forvarnarverkefni í hverfum

Ráðið veltir því fyrir sér hvort forvarnarverkefni í hverfum borgarinnar sé barn síns tíma. Fulltrúar í íbúaráðum borgarinnar hafa orðið varir við að umsóknir í forvarnarsjóði hverfanna eiga erfitt með að tengja verkefnið við hverfið og eru oft langsóttar. Því er velt hér upp hvort það myndi ekki styrkja verkefnið að hafa þau þvert á hverfi enda er málaflokkurinn samfélagstengdur.

Fulltrúar ráðsins sakna þess líka að sjá ekki beina tengingu við [stefnu og aðgerðaáætlun í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi sem samþykkt var á Alþingi í júní 2021](#).

Saman gegn ofbeldi

Þetta umfangsmikla verkefni frá 2015 var upphaflega átaksverkefni en er núna orðið að hefðbundnu og viðvarandi verklagi í samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu og Kvennaathvarfið. Fulltrúar MNL-ráðsins fagna því að verklagið hafi nú verið innleitt enda hefur það reynst vel hingað til.

Vakin er sérstök athygli á eftirfarandi aðgerðum undir *Saman gegn ofbeldi*:

Aðgerð 5:

- Stuðningur við börn með viðtölum

Við fögnum því að sjá aukinn stuðningur við börn í þessum málaflokki. Talið er sérstaklega mikilvægt að bregðast hér við eftir aukningu á heimilisofbeldi í COVID19 faraldrinum.

Aðgerð 7:

- Heimilisláust fólk með fjölþættan vanda er í sérstaklega viðkvæmri stöðu gagnvart ofbeldi og misnotkun.

Mjög flott að ávarpa þennan hóp en það mætti bæta við að ávarpa fólk með beinum hætti sem er með vímuefnavanda. Það gæti verið ný aðgerð. Sem dæmi er hópur af heimilisláusu fólki sem notar ekki vímuefni en er til dæmis með söfnunaráráttu og geðsjúkdóma en verða samt fyrir ofbeldi sökum viðkvæmrar stöðu. Þessir hópar eru ólíkir.

Það væri hægt að leggja til að setja á fót starfshóp til að fara yfir stöðu fólks sem glímur við vímuefnavanda og er í sérstaklega viðkvæmri stöðu gagnvart öllu ofbeldi og misnotkun. Hér þarf sérstaklega að huga að stöðu kvenna, ungmenna og hinsegin fólks. Starfshópurinn myndi þá einnig fara yfir stöðu þeirra, kortleggja áhætturnar og gera tillögur að úrbótum.

Ábyrgðaraðili væri þá Saman gegn ofbeldi/verkefnisstjóri í samvinnu við velferðarsvið, félagasamtök og sérfræðinga, ásamt notendum.

Aðgerð 15:

- Fatlað fólk og ofbeldi

Fulltrúar ráðsins vilja taka það sérstaklega fram hversu mikilvægt það er að leggja áherslu á þennan hóp. Fatlað fólk og sérstaklega fatlaðar konur eru sá hópur sem er í mestri hættu á að verða fyrir hvers konar ofbeldi. Enn á samfélagið langt í land í baráttunni til að fullu sé spornað við ofbeldi gegn fötluðu fólki.

Opinskátt um ofbeldi í öllum hverfum borgarinnar

Ráðið leggur áherslu á að flýta innleiðingu á verkefninu í öll hverfi borgarinnar. Þá ætti fræðslan sem þar er nefnd að vera á sameiginlegum höndum barnaverndar Reykjavíkur og skóla- og frístundasviðs, en ekki eingöngu barnaverndar eins og lagt er til.

Einelti er ein birtingarmynd ofbeldis og mikilvægt er að ávarpa það í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar og leggja til að eineltisáætlanir séu uppfærðar og aðgengilegar og með þeim sé virkt eftirlit.

Tengja aðgerðaráætlunina við Betri borg fyrir börn (verkefni Skóla- og frístundarsviðs og Velferðarsviðs)

Hérna vill ráðið benda á mikilvægi þess að tengja þessi mál saman við námsárangur barna. Allt of oft eru mælingar á borð við lesskilning að stangast á við erfiðar aðstæður barna fyrir utan skóla. Þessi hópur fær á sig stimpil um að geta ekki lesið sér til gagns og upplifir sig strax á skjön við skólakerfið. Hér þarf verkefnið *Betri borg fyrir börn* að fá öflugri og formlegri tengingu við þann hóp sem mest þarf á því að halda að hljóta ekki slíkan dóm. Þá er ekki síst mikilvægt að styðja enn frekar við Jafnréttisskólann svo mikilvæg markmið náist.